

NÁTTÚRUSAGA

I

Á barnaskólaárum mínum var ekkert kennt í náttúru-sögu, og þegar í latínuskólann kom, ekki fyrr en annað árið, og grasafræði ekki fyrr en 3. árið (!). En að réttu lagi, verður varla of snemma byrjað á því að vekja athygli barnanna á jurtaríkinu og kenna þeim að æfa eftirtekt sína á því að skoða grösín. Hefir nú raunar í þessum efnum orðið mikil breyting til bóta síðan ég var á barnsaldri, enda nú ekki all-fáir góðir kennarar í þessari fræðigrein komnir til sögunnar, svo að það er ekki einungis um meiri kennslu að ræða, heldur einnig betri. Það er meir ástundað, að ekki sé einungis um bóknám að ræða, heldur læri nemendurnir sjálfir að sjá og athuga. Ég minnst eins sem ekki var gert á mínum æskudögum, og þó hefði vel mátt koma við. En það var að láta nemendurna gera sem nákvæmastan samanburð þeir gátu á þorski og uppsa. Fiskategundir þessar eru náskyldar, enda mjög líkar, en þó í engu eins, og kemur hinn mismun-andi lifnaðarháttur þeirra, margvíslega og fróðlega fram í öllu þeirra sköpulagi. Þorskurinn heldur sig nálægt botnin-num, og sést þegar á lit hans, að hann verður fyrir minni áhrifum sólarljóssins; einnig hökuþráðurinn bendir á nálægðina við botninn; lagið á skoltunum er einnig rétt að nefna í þessu sambandi. Þorskurinn hefir nafn sitt af því hver nytjafiskur hann er: þorr fiskur*. En uppsinn heitir aftur á móti svo, af því að hann er uppi í sjó. Hann hefir sterkari lit en þorskurinn, er sterklegar vaxinn og betri sund-fiskur. Hökuþráður er enginn, og eftirtektarverður munur á skoltunum. Ungur uppsi er falleg skepna, miklu fallettri en fullorðni fiskurinn, og kemur þar fram, eins og svo víða

*) Réttara er e. t. v. þorrafiskur, þó að hitt standi í orðabókinni.

annarsstaðar, þetta svo mjög íhugunarverða einkenni á lífi jarðar vorrar, sem sýnir að hér er ekki til fulls komið í framfarahorfið, því að þar sem svo er, þýðir meiri aldur, meiri fegurð, meiri þroska, meiri fullkomnun í alla staði.

II

Að því er grasaríkið snertir, voru það einkum nokkur nöfn sem ég ætlaði að minnst á. Það sem á íslensku fékk nafnið sóley (sóleyg) heitir á þýsku og ensku Hahnenfuss og buttercup (hanalöpp og smjörbolli). Munurinn er eftirtektarverður, og kemur þar ef til vill fram ekki einungis það hversu blómaríkið er fátæklegra hér norðurfrá, heldur einnig meiri næmleiki lundarinnar gagnvart fegurð vorblómsins. Hvergi hefir þó þessi næmleiki lýst sér eins greinilega og í nafninu melasól. Þar er hið fegursta nafn á hinni fegurstu jurt, sem er hér mjög algeng einkum á norðvesturlandinu, og engan veginn má nefna draumsóley. Mér er í barnsminni hversu mér virtist sem mururnar væru nokkurskonar sóleyjar. Börnin ættu snemma að læra að gera þar samanburð og skilja hvers vegna þessar jurtir eru fjarskyldar, þó að líkar virðist, fljótt á að líta. Munurinn á lit og gljáa sóleyjarblóms og murublóms, er líka mjög eftirtektarverður, þó að hvorttveggja sé fagurgult. Þá eru fíflarnir sem svo oft eru nefndir ásamt sóleyjunum, býsna ólíkir, og eftirtektarvert hvernig jurtin hefir safnað öllum sínum blómum í eitt, svo að hægara er um vik fyrir hunangsflugurnar. Þar er galli á hinni snilldarlegu náttúrusögu Jónasar Hallgrímssonar, að af henni mætti ætla að flugan gerði fíflinum illt. En þetta er mjög á annan veg. Fífillinn laðar til sín fluguna og ber á borð fyrir hana hunang, en þiggur mikinn greiða á móti. Þá er eftirtektarvert hve mjög aðrar tilfinningar hafa ráðið nafngjöf við fífil en sóley. Fífillinn hefir ekki nafn sitt af fegurðinni heldur af því hvernig ávextir hans losna og svífa í loftinu. Sbr. „fífa“. Og einnig er þangað að rekja nafnið bifukolla. Virðast ávextir þessir því merkilegri sem þeir eru betur athugaðir. Bæta mætti því við, að „blað“ er sennilega það sem blaktir; en lauf er klofið blað; lauf-glauf, sbr. glufa;

og er nógu skrítið að „lauf“ og „klauf“ skuli vera að rekja til sama orðsins.

Orðið „grænn“ er gróinn; sbr. á grísku er „grænn“ „khlóros“, eiginlega graslegur: khloeros, af khloe, gras. Er síst furða þó að oss finnist mikið um þann lit, þar sem mest allt líf jarðarinnar byggist á hæfileika örsmárra grænna jurtahluta til að nota sér kolefni loftsins. Og þá er ekki síður skiljanlegt að oss þykir fagur hinn blái litur himinsins; því að þar er, ef mér hefir rétt sýnst, hinn blái litur lífsloftsins (fýrisins, súrefnisins). Segir að vísu í efnafræðibókum, að fýrið (oxygenium) sé litarlaust; en ég hygg að það sé blátt þegar horft er í gegnum nógu mikið af því. Styður það þá skoðun, að þar sem mikið er af ilmi, er loftið blárar en annars staðar; sbr. hvernig fjöllin við rönd hins mikla Grænlandsjökuls eru blárri en í öðrum stöðum. En loftið yfir jöklinum er auðugt af ilmi (Ozon); en ilmið er afbrigði nokkurt fýris, sem magnaðra er en aðaltegundin.